

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Akraness 1980-2000.

Samkvæmt ósk bæjarstjórnar Akraness hefur skipulagsstjórn ríkisins þann 10. mars 1993 staðfest breytingu á aðalskipulagi Akraness 1980-2000, sbr. 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964.

Breytingin er fólgin í því að stofnanareitur fyrir byggðasafn og kirkjugarð stækkar til norðurs og vesturs.

Bæjarstjórn Akraness tekur að sér að bæta það tjón, er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

Umhverfissráðuneytið, 1. apríl 1993.

F.h.r.

Þórður H. Ólafsson.

Hrafn Hallgrímsson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 194/1990, um virðisaukaskatt af þjónustu fyrir erlenda aðila og af aðkeyptri þjónustu erlendis frá, með síðari breytingum.

1. gr.

Við 2. gr. bætist nýr töluliður er verði 8. töluliður er orðist svo:

Ábyrgðarviðgerðir sem umboðsaðili annast fyrir reikning erlends ábyrgðaraðila.

2. gr.

4. tölul. 3. gr. orðist svo: Vinna við lausafjármuni önnur en sú sem 8. tölul. 2. gr. nær til.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 2. mgr. 12. gr. laga nr. 50/1988, með síðari breytingum, og öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 1. apríl 1993.

Friðrik Sophusson.

Jón H. Steingrímsson.